# MÓAHVERFI
# DEILISKIPULAG

## BREYTING Á DEILISKIPULAGI

Breyting á deiliskipulagi felst í eftirfarandi:

Skipulagssvæðið er stækkað um 8 ha til suðurs, úr 45 ha í 53 ha, að útmörkum græna trefilsins (SL7) eins og hann er skilgreindur í aðalskipulagi en gerð var aðalskipulagsbreyting árið 2023 þar sem græni trefillinn var stækkaður suður með íbúðabyggðinni. Stækkað skipulagssvæði verður að mestu skilgreint sem skógræktarsvæði og stækkar því skilgreint skógræktarsvæði í deiliskipulagi um 7 ha, úr 3,5 ha í 10,5 ha.

Ofanvatnsrás sem hönnuð hefur verið ofan hverfis er innan stækkaðs skipulagssvæðis sem og stígar yfir í aðliggjandi svæði.

Gert er ráð fyrir landmótunarsvæðum á hluta af stækkuðu skipulagssvæði þar sem ekki er gróður í dag. Hluti af uppgreftri úr götum og stígum á skipulagssvæðinu er nýttur í þessa landmótun. Landmótunin verður að hámarki 2 m á hæð frá núverandi landi, með mildum fláum og náttúrulegu yfirbragði.

Breyting er gerð á skilgreiningu á gróðri innan skipulagssvæðisins þannig að sá gróður sem er skilgreindur sem „Trjágróður (núverandi og til skýringar)“ er skipt upp í tvennt; „Núverandi trjágróður“ og „Trjágróður (til skýringar, ekki bindandi)“, en seinni skilgreiningin felur í sér að heimilt er að planta trjám á viðkomandi svæðum en staðsetning á uppdrætti er ekki bindandi.

Á núverandi og stækkuðu skógræktarsvæði er töluvert um tjágróður og er honum bætt inn á uppdrátt. Gert er ráð fyrir að planta megi trjágróðri í stækkað skógræktarsvæði en í gildandi deiliskipulagi fyrir Móahverfi segir að skógræktarsvæðið sé fullplantað. Við útplöntun verður leitast við að skerða hvorki útsýni né sólarljós á aðliggjandi íbúðalóðum. Þá er nýjum trjágróðri bætt við umhverfis Borgarbraut og Síðubraut og norðan Urðargils en nýr trjágróður er skilgreindur nánar í Gróðurskipulagi í bæjarlandi Móahverfis og nágrenni sem var unnið síðla árs 2024.

Ekki er gerð breyting á þeim gróðri innan skipulagssvæðisins sem er skilgreindur vegna vindsvistar.

Trjágróður sem er sýndur innan lóða er tekin út en áfram gildir kvöð um gróður á fjölbýlishúsalóðum eins og getið er um í greinargerð.

Minni leiksvæðum sem hafa verið skilgreind við hönnun hverfisins er bætt inn á breytingaruppdrátt.

Ekki er talið að breytingin hafi veruleg umhverfisáhrif þar sem breytingin er fremur óveruleg en möguleg jákvæð áhrif eru vegna aukins trjágróðurs í hverfinu.

Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulags sem öðlaðist gildi 20.06.2022, m.s.br.

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM FENGIÐ HEFUR MÁLSMEÐFERÐ SKV. 2. MGR. 43. GR. OG 3. MGR. 44. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010 VAR SAMÞYKKT Í BÆJARSTJÓRN AKUREYRAR ____________

______________________________________________

BÆJARSTJÓRI AKUREYRAR

SAMÞYKKT DEILISKIPULAGSBREYTINGAR VAR AUGLÝST Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN ____________




BREYTT DEILISKIPULAG, MKV. 1:2000

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi er á þessu breytingarblaði í mælikvarðanum 1:2000 eins og gildandi deiliskipulag. Gildandi deiliskipulag er á þessu breytingarblaði í mælikvarðanum 1:5000 vegna plássleysis.




GILDANDI DEILISKIPULAG, MKV. 1:5000



AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2018-2030
HLUTI UPPDRÁTTAR

## SKÝRINGAR

- SKIPULAGSMÖRK
- LÓÐARMÖRK
- MÖRK LÓÐARHLUTA TIL EINKANOTA
- BYGGINGARREITUR
- A - EINBÝLISHÚS 1 HÆÐ
- A1 - EINBÝLISHÚS 1 HÆÐ OG KJALLARI
- A2 - EINBÝLISHÚS 2 HÆÐIR
- B1 - PARHÚS 1 HÆÐ
- B2 - PARHÚS 2 HÆÐIR
- C - RAÐHÚS 1 HÆÐ
- D - FJÖLBÝLISHÚS 2 HÆÐIR
- E3 - FJÖLBÝLISHÚS 3 HÆÐIR
- E4 - FJÖLBÝLISHÚS 4 HÆÐIR
- E5 - FJÖLBÝLISHÚS 5 HÆÐIR
- F6 - FJÖLBÝLISHÚS 6 HÆÐIR
- G4 - FJÖLBÝLISHÚS 4 HÆÐIR VIÐ TORG
- G5 - FJÖLBÝLISHÚS 5 HÆÐIR VIÐ TORG
- H - FJÖLBÝLISHÚS 3-4 HÆÐIR - INNGARÐABYGGÐ
- I - BÚSETUKJARNI 1 HÆÐ
- V - INNGRARFIN BYGGING Á 1 HÆÐ VIÐ TORG
- R - DREIFISTÖÐ RAFVEITU 1 HÆÐ
- S - DÆLUSTÖÐ HITAVEITU 1 HÆÐ
- BINDANDI BYGGINGARLÍNA (30%)
- GÖTUR
- STOFNSTÍGAR
- TENGISTÍGAR
- STÍGAR OG STÉTTAR
- ÚTIVISTARSTÍGAR
- UPPLYFT YFIRBORÐ GATNAMÓTA EÐA ÞVERANA
- BÍLASTÆÐI Á SÉRBÝLISLÓÐUM (LEIÐBEINANDI STAÐSETNING)
- BÍLASTÆÐASVÆÐI Á FJÖLBÝLISLÓÐUM
- BIÐSTÖÐ SVA (LEIÐBEINANDI STAÐSETNING)
- GÖNGUBRÚ
- RAMPI Í BÍLAKJALLARA (LEIÐBEINANDI STAÐSETNING)
- NÚVERANDI TRJÁGRÓÐUR
- TRJÁGRÓÐUR Á BÆJARLANDI VEGNA VINDVISTAR
- TRJÁGRÓÐUR (TIL SKÝRINGAR, EKKI BINDANDI)
- TRJÁGRÓÐUR SAMKVÆMT GRÓÐURSKIPULAGI
- GRÆN SVÆÐI / ÚTIVISTARSVÆÐI INNAN BYGGÐAR
- SKÓGRÆKTARSVÆÐI
- HVERFISVERNDARRSVÆÐI
- SNJÓSÖFNUNARSVÆÐI (LEIÐBEINANDI STAÐSETNING)
- LEIKSVÆÐI
- LANDMÓTUNARSVÆÐI
- OFANVATNSRÁS
- HLJÓÐVARNIR
- STOFNLÖGN VATNSVEITU
- HÁSPENNUSTRENGUR
- ATHAFNASVÆÐI HÁSPENNUSTRENGS

| G5 - 5h | 20-24 íb |
|---|---|
| 3000 m² | 4487 m² |
| 800 m² | |

| HÚSAGERÐ, FJÖLDI HÆÐA | FJÖLDI ÍBÚÐA |
|---|---|
| HÁMARKS BYGGINGARMAGN | LÓÐARSTÆRÐ |
| HÁMARKS BYGGINGARMAGN BÍLAKJALLARA | |

## AKUREYRARBÆR - DEILISKIPULAG
### MÓAHVERFI - DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR
### BREYTING Á DEILISKIPULAGI - TILLAGA

| | | | |
|---|---|---|---|
| KVARÐI-A1: | 1:2000 /1:5000 | TEIKN NR: | 001 |
| DAGS: | 10.12.2024 | HANNAÐ: | ÓÍ/IÍ |
| FLOKKUR: | 6000 | TEIKNAÐ: | ÓÍ/AI |
| SKRÁ: | | VERKNR: | 21047 |


LANDSLAG EHF
LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 11 - 101 REYKJAVÍK - SÍMI: 535 5300
KAUPANGI V/MÝRARVEG - 600 AKUREYRI - SÍMI: 460 4440
WWW.LANDSLAG.IS LANDSLAG@LANDSLAG.IS